

334 Líf- og örorkutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Grundvöllur váttryggingarsamnings og orðskýringar.

- 1.1 Skilmálar þessir gilda um hópvátryggingu sem er samsett dánaráhættu- og slysaörorkutrygging. Hún er gefin út í tengslum við samning váttryggðs um sérstaka fjármálaþjónustu hjá váttryggingartaka undir heitinu Vildarþjónusta.
- 1.2 Grundvöllur váttryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, undirrituð heilsufarsyfirlýsing einstaklings í Vildarþjónustu á umsókn um Vildarþjónustu og önnur gögn sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar, hafi ábyrgð félagsins fallið niður.
- 1.3 Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:
 - a. **félagið**, TM líftryggingar hf.,
 - b. **váttryggingartaki**, sá sparisjóður er gerir hópvátryggingarsamning við félagið um dánaráhættu og slysaörorkutryggingu,
 - c. **váttryggður**, sá maður hvers lífs eða heilsu váttryggingin tekur til,
 - d. **váttryggingarfjárhæð**, föst fjárhæð sem tilgreind er í hópvátryggingarsamningi félagsins og váttryggingartaka og greidd er út við váttryggingaratburð,
 - f. **slys**, skyndilegur utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans,

2. Gildistími váttryggingarinnar, upphaf og lok ábyrgðar félagsins.

- 2.1 Ábyrgð félagsins hefst, þegar váttryggður hefur gert samning við váttryggingartaka um Vildarþjónustu og umsókn hans um aðild að váttryggingunni hefur verið send félaginu, og að því tilskildu að heilsa hans á því tímamarki komi ekki í veg fyrir að ábyrgð félagsins geti hafist.
- 2.2 Félagið váttryggir ekki einstaklinga yngri en 18 ára og umsækjandi má ekki vera orðinn 62 ára við gildistöku váttryggingarinnar.
- 2.3 Váttryggingin gildir til loka þess árs sem váttryggður nær 65 ára aldri, nema hópvátryggingarsamningnum hafi áður verið slitið. Váttryggingunni lýkur einnig þegar samningi váttryggðs um Vildarþjónustuna lýkur eða váttryggður vill af öðrum ástæðum hætta þátttöku í hópnum. Ennfremur fellur váttryggingin niður gagnvart váttryggðum, þegar bótafjárhæðin er greidd.
- 2.4 Vilji váttryggingartaki segja váttryggingunni upp skal uppsögnin vera skrifleg. Vilji þátttakandi hætta þátttöku í hópnum áður en ábyrgð félagsins lýkur gagnvart honum sbr. 3. mgr. (málgrein) skal hann tilkynna það félaginu skriflega.

3. Framhaldstrygging.

- 3.1 Falli váttryggður úr hópnum eða verði hópvátryggingarsamningi slitið hefur hann rétt til að halda líftryggingunni með einstaklingsbundnum iðgjaldaútreikningi og almennum líftryggingarskilmálum félagsins án þess að veita nýjar heilsufarsupplýsingar. Skal viðkomandi tilkynnt með fullnægjandi hætti um rétt sinn til að halda líftryggingunni áfram. Vilji hann hagnýta sér réttinn skal hann gera það innan þriggja mánaða eftir að ábyrgð félagsins féll niður.

4. Iðgjaldsgreiðslur og áhrif þess sé iðgjald ekki greitt.

- 4.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld eru á gjalddaga 1. janúar ár hvert. Váttryggðum er send tilkynning um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 4.2 Váttryggður greiðir iðgjaldið til váttryggingartaka samkvæmt samningi milli þeirra. Váttryggingartaki skal standa skil á iðgjaldinu til félagsins innan 14 daga eftir greiðslu þess.
- 4.3 Hafi iðgjald ekki borist félaginu á þeim tíma sem mælt er fyrir um í 1. mgr. (málgrein) sendir félagið sérstaka aðvörun til váttryggðs þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 4.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 4.5 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í

334 Líf- og örorkutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

5. Svik og rangar upplýsingar.

- 5.1 Hafi váttryggður við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingarburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. (samanber) 83. gr. (grein) váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 84. gr. laganna.
- 5.2 Veiti sá er hyggst krefja félagið bóta rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi eins og nánar greinir í 120. gr. váttryggingarsamningalaga.

6. Bætur vegna andláts.

- 6.1 Váttryggingarfjárhæðin greiðist við andlát.
- 6.2 Valdi slys, sem verður á gildistíma váttryggingarinnar, dauða innan þriggja ára frá slysdegi greiðist váttryggingarfjárhæðin jafnvel þótt váttryggingin hafi áður fallið úr gildi. Dánarbætur samkvæmt þessari málsgrein greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr.
- 6.3 Dánarbætur greiðast réttthafa samkvæmt reglum 2.-4. mgr. 100. gr. laga nr. (númer) 30/2004 hafi réttthafi ekki verið tilgreindur nánar, sbr. 4. mgr.
- 6.4 Hvað líftryggingu varðar er váttryggðum óheimilt að tilnefna aðra réttthafa að dánarbótum en þá sem rétt eiga til bóta samkvæmt 100. gr. laga nr. 30/2004. Óheimilt er að veðsetja váttrygginguna öðrum en váttryggingartaka.
- 6.5 Svípti váttryggður sig lífi innan eins árs frá því að ábyrgð félagsins hófst, er félagið laust úr ábyrgð, nema sannað teljist að váttryggingin hafi verið tekin án þess að sjálfsvíg hafi verið haft í huga.

7. Bætur vegna varanlegrar örorku.

- 7.1 Valdi slys, sem verður á gildistíma váttryggingarinnar, varanlegu líkamstjóni sem metið er til 50% varanlegrar örorku eða meira innan þriggja ára frá því slysið varð, greiðist váttryggingarfjárhæðin til váttryggðs.
- 7.2 Varanlega örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum örorkunefndar um miskastig, skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum.
- 7.3 Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- 7.4 Sé varanleg örorka metin lægri en 50% greiðast engar bætur.
- 7.5 Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.
- 7.6 Slys sem einungis veldur lýti er ekki bótaskyld.

8. Greiðsla bóta og vextir.

- 8.1 Krefjast má greiðslu váttryggingarfjárhæðarinnar samkvæmt 6. og 7. gr. 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta váttryggingarburðinn og greiðsluskyldu sína.
- 8.2 Réttthafi bóta á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. (samkvæmt) 123. gr. váttryggingarsamningalaga.

9. Iðgjaldafrelsi.

- 9.1 Missi váttryggður meira en helming starfsorku sinnar öðlast hann rétt til hlutfallslegrar lækkunar iðgjalda meðan það ástand varir, þó ekki fyrr en eftir þrjú mánuði frá þeim tíma sem starfsorkan

334 Líf- og örorkutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- skertist og ekki lengur en að 65 ára aldri.
- 9.2 Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast váttryggður ekki rétt til iðgjaldafrelsis:
- fyrir lengra tímabil en eitt ár aftur í tímann áður en beiðni um iðgjaldafrelsi barst félaginu,
 - vegna sjúkdóma sem voru fyrir hendi eða sýnt höfðu einkenni fyrir gildistöku tryggingarinnar, né vegna afleiðinga slyss sem orðið hafði fyrir gildistöku tryggingarinnar,
 - ef orsök starfsorkumissisins er af völdum styrjalda, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisna eða svipaðra atvika,
 - ef orsök starfsorkumissisins er misnotkun áfengis, fíkniefna eða eiturefna, eða þátttaka í refsiverðum verknaði.
- 9.3 Beiðni um iðgjaldafrelsi skal vera skrifleg á eyðublaði félagsins og sendast félaginu ásamt nauðsynlegum gögnum til mats á starfsorkumissinum, félaginu að kostnaðarlausu. Til grundvallar mati á starfsorkumissi mun félagið leggja hæfni hins váttryggða til þess að gegna sínu venjulega starfi og möguleikum til að gegna öðrum störfum. Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu. Á meðan hinn váttryggði nýtur iðgjaldafrelsis getur félagið ávallt krafist heilsufarsupplýsinga af honum, svo og læknisskoðunar á sinn kostnað. Félagið tilkynnir váttryggðum skriflega ákvörðun sína um iðgjaldafrelsi.
- 9.4 Ákvæði 5. gr. um svik og rangar upplýsingar gilda einnig um iðgjaldafrelsi eftir því sem við á.

10. Breyting á iðgjaldsgrundvelli.

- 10.1 Verði veruleg breyting á dánarlíkum áskilur félagið sér rétt til að breyta iðgjaldsgrundvelli í iðgjaldaskrá sinni.

11. Þagnarskylda.

- 11.1 Félagið og starfsfólk þess fer með upplýsingar um trygginguna sem trúnaðarmál.

12. Lög um váttryggingarsamninga.

- 12.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

13. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 13.1 Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum.
- 13.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 13.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.
- 13.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skilmálar þessir gilda frá 10. maí 2019.